



BYGGÐASTOFNUN

Byggðastofnun

Árshlutauppgjör janúar - júní 2023

Sauðarmýri 2
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra.....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	5
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymi.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu nr. 98/2019 og hefur með henni eftirlit eins og nánar er kveðið á um í lögnum.

Rekstur tímabilið janúar - júní 2023

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar 285,2 milljónum króna á tímabilinu en til samanburðar var 162,2 milljóna króna hagnaður á sama tímabili árið 2022. Eigið fé í lok júní 2023 samkvæmt efnahagsreikningi var 3.981 milljónir króna og hækkar frá áramótum sem nemur hagnaði tímabilsins. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 20,94% en var 19,72% lok árs 2022.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok júní 2023, 23.813 milljónum króna og hefur lækkað um 9 milljónir króna frá árslokum 2022. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 20.244 milljónum króna og höfðu hækkað um 496 milljónir króna frá árslokum 2022. Handbært fé í lok júní 2023 nam 1.255 milljónum króna, en var 1.686 milljónir króna í árslok 2022. Lántökur og skuldabréfaútgáfur námu 18.910 milljónum króna og höfðu lækkað um 380 milljónir króna á árinu. Ný útlán á tímabilinu námu 987 milljónum króna á móti 1.521 milljón króna á sama tímabili 2022.

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en í lok júní 2023 var eiginfjárlutfall stofnunarinnar eins og að ofan greinir 20,94%. Skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 gildir X. kafli um eiginfjáruka ekki um Byggðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka.

Stjórnarhættir

Málefni byggðamála, og þar á meðal Byggðastofnunar heyra undir innviðaráðuneytið.

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 27. apríl 2023 skipaði innviðaráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2024. Í stjórnina voru skipuð Halldóra Kristín Hauksdóttir stjórnarformaður, Rúnar Þór Guðbrandsson varaformaður, Haraldur Benediktsson, Jónína Björk Óskarsdóttir, Karl Björnsson, María Hjálmarsdóttir og Óli Halldórsson. Á sama tíma voru sjö varamenn skipaðir, þau Katrín Sigurjónsdóttir, Andri Björgvin Arnþórsson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Sigurjón Þórðarson. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Fjármálaeftirlit SÍ metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Á árinu 2023 hefur stjórn Byggðastofnunar haldið sjö stjórnarfundi. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar, en úr þeim útgáfum eru fjarlægðar allar upplýsingar sem falla undir 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Stjórn samþykkti stjórnháttaryfirlýsingu í júní 2021. Er yfirlýsingin birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Í 4. gr. laga um Byggðastofnun er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar 26. október 2022.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn hefur skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna og hlutafjár auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa, fullnustueigna og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, vanskilafundur og öryggisnefnd sem settar hafa verið verklagsreglur um. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar. Voru reglurnar síðast uppfærðar og samþykktar af stjórn á fundi hennar 19. febrúar 2021.

Í umboði stjórnar starfar endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilafæri stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 2. júní 2023 voru Kristbjörg Kristbergisdóttir, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir og Óli Halldórsson skipuð í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs og María Hjálmarsdóttir til vara.

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynnir skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra. Þá hefur stjórn einnig skipað persónuverndarfulltrúa skv. erindisbréfi.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól PricewaterhouseCoopers ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2018-2024.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020. Árið 2020 var samningurinn við KPMG framlengdur til ársins 2025.

Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra.

Stofnunin skiptist í fjögur svið, fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fjöldi starfsmanna í lok júní var 25 í jafnmörgum stöðugildum.

Áhættustýring

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar sem mælt er fyrir um á stjórn Byggðastofnunar.

Skv. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi og takmarkar það áhættuvilja hennar, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Núgildandi áhættustefna Byggðastofnunar var staðfest af stjórn í október 2022.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 78. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2023. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausán aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Fjármögnun

Skv. Fjárlögum 2023 sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2022 hefur Byggðastofnun 3.000 m.kr. lántökuheimild á árinu 2023. Stofnunin hefur ekki nýtt sér heimildina það sem af er árinu en gert er ráð fyrir að stofnunin fjármagni lántökur ársins hjá Endurlánum ríkissjóðs.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt 66. gr. d laga nr. 3/2006 um ársreikninga

Byggðastofnun telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett sér starfsreglur eins og að framan greinir, þar er m.a. kveðið á um að stjórnarformanni í Byggðastofnun sé óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir stofnunina en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns. Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti hans sjálfs, fyrirtækis sem hann á virkan eignarhlut í, situr í stjórn, er í forsvari fyrir, er starfsmaður við eða á verulegra hagsmuna að gæta í eða telst að öðru leyti innherji í, svo og varðandi samkeppnisaðila slíkra fyrirtækja. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls sem tengist aðila sem er venslaður stjórnarmanni persónulega eða fjárhagslega. Aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar, eða fyrirtæki sem þeir eiga eða eru í forsvari fyrir, skulu ekki sækja um lán og/eða styrki hjá stofnuninni. Öll önnur viðskiptaerindi stjórnarmanna og/eða varamanna, og fyrirtækja sem þeir kunna að eiga eða vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn.

Stjórn Byggðastofnunar hefur einnig sett siðareglur sem gilda um stjórn og starfsmenn. Siðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðuleika sem stofnuninni er nauðsynlegt að hafa.

Byggðastofnun fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Byggðastofnun er vinnustaður þar sem starfsfólk er metið á eigin forsendum, hefur jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynja innan stofnunarinnar og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun Byggðastofnunar. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar nær til allrar starfsemi hennar.

Árið 2020 veitti Jafnréttisstofa Byggðastofnunar heimild til að nota jafnlaunamerkið árin 2020-2023. Í því fólst staðfesting á að Byggðastofnun hafi fengið vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og uppfyllti öll skilyrði staðalsins. Með því er staðfest að launaákvæðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals og að reglubundið er fylgst með því hjá stofnuninni að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf hafi sambærileg laun óháð kynferði.

Skýrsla stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Umhverfis- og samfélagsstefna og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Byggðastofnun stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 30% miðað við árið 2019. Byggðastofnun stefnir að því að kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur frá árinu 2020. Byggðastofnun mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með t.d. samning um skógrækt hjá viðurkenndum aðila eða kaupum á vottuðum kolefniseiningum.

Byggðastofnun tekur þátt í verkefninu Græn skref í ríkisrekstri og hefur sett sér markmið um að uppfylla öll fimm skrefin á árinu 2023.

Uptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS)

Byggðastofnun flokkast sem svokölluð A2 hluta stofnun. Skv. 52 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. lög nr. 131/2021 skulu reikningsskil fyrir stofnanir sem undir þann flokk falla gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS).

Byggðastofnun hefur hafið innleiðingu á IPSAS og hyggst innleiða hann að fullu á árinu 2023.

Nánar er fjallað um innleiðingu á IPSAS í skýringu 23.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl í landsbyggðunum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Byggðastofnunar á tímabilinu janúar - júní 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem stofnunin býr við.

Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri fjölluðu um árshlutareikninginn fyrir tímabilið janúar - júní 2023 á fundi þann 29. ágúst 2023 og staðfestu hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki 29. ágúst 2023

Halldóra K. Hauksdóttir, formaður

Karl Björnsson

Lilja B. Ágústsdóttir

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson

Rúnar Þór Guðbrandsson

Sigurjón Þórðarson

Arnar Már Elíasson, forstjóri

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi árs hlutareikningur gefi ekki glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 29. ágúst 2023

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur janúar - júní 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		2023	2022
	Skýr.	janúar - júní	janúar - júní
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....		35.895	9.906
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum.....		1.376.562	1.137.607
		<u>1.412.457</u>	<u>1.147.513</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		855.276	800.284
Önnur vaxtagjöld.....		52	45
		<u>855.328</u>	<u>800.330</u>
	Hreinar vaxtatekjur	<u>557.129</u>	<u>347.183</u>
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	228.400	209.500
Gengismunur.....	7	(1.956)	(10.292)
Tekjur af fullnustueignum.....	12	3.283	3.686
Aðrar rekstrartekjur.....	8	102.084	100.866
		<u>331.811</u>	<u>303.759</u>
	Hreinar rekstrartekjur	<u>888.939</u>	<u>650.942</u>
Rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		122.200	101.917
Veittir aðrir styrkir.....		69.500	71.525
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	232.740	195.625
Annar rekstrarkostnaður.....		93.183	95.352
Rekstrarkostnaður fullnustueigna.....	12	2.047	9.532
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	16	12.177	12.627
Framlög í afskriftarr. útlána o.fl.....	2,14	71.894	2.134
		<u>603.741</u>	<u>488.712</u>
	Hagnaður tímabilsins	<u>285.199</u>	<u>162.230</u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

		30.6.2023	31.12.2022
Eignir	Skýr		
Handbært fé.....	9	1.254.727	1.686.337
Útlán til viðskiptavina.....	10	20.244.030	19.747.754
Fullnustueignir.....	11	50.010	60.010
Markaðsskuldabréf.....	13	297.053	282.757
Veltuhlutabréf.....	15	252.828	252.824
Hlutdeildarfélag.....	15	916.354	907.860
Viðskiptakröfur.....		4.009	78.389
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	16	793.973	806.150
		<hr/>	<hr/>
Eignir samtals		23.812.983	23.822.081
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	18	18.910.186	19.290.410
Óráðstöfuð framlög.....		709.891	681.468
Aðrar skuldir.....		211.932	154.427
		<hr/>	<hr/>
Skuldir samtals		19.832.009	20.126.305
		<hr/>	<hr/>
Eigið fé			
Eigið fé.....	2,19	3.980.974	3.695.776
		<hr/>	<hr/>
Skuldir og eigið fé samtals		23.812.983	23.822.081
		<hr/>	<hr/>

Sjóðstreymi janúar - júní 2023

Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna

	2023 janúar - júní	2022 janúar - júní
Handbært fé frá rekstri		
Hagnaður tímabilsins.....	285.199	162.230
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa.....	88.588	1.927
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	12.177	12.627
Gangvirðisbreyting markaðsskuldabréfa.....	(14.296)	0
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	(149.819)	(90.194)
Handbært fé frá rekstri	221.848	86.590
Fjárfestingarhreyfingar		
Afborganir útlána.....	892.030	1.196.631
Veitt lán.....	(986.999)	(1.520.965)
Fullnustueignir.....	(44.133)	15.500
Markaðsskuldabréf.....	0	(300.000)
Hlutabréf.....	0	1.000
Viðskiptakröfur.....	74.381	18.715
Fjárfestingarhreyfingar	(64.722)	(589.119)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir af lántökum.....	(674.664)	(1.590.003)
Nýjar lántökur.....	0	2.007.448
Aðrar skuldir og óráðstöfuð framlög.....	85.928	334.480
Fjármögnunarhreyfingar	(588.737)	751.926
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(431.610)	249.396
Handbært fé í ársbyrjun	1.686.337	1.117.627
Handbært fé í lok tímabilsins.....	1.254.727	1.367.023

Skýringar

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi, annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðir stjórnenda styðjast við góða reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í árshlutareikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2023. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða miðgengi Seðlabanka Íslands í lok júní 2023. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Miðgengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	30.6.2023	31.12.2022
USD	136,85	142,04
DKK	19,97	20,37
JPY	0,95	1,08
EUR	148,70	151,50
 Kaupgengi Arion banka í lok tímabilsins:		
USD	136,56	141,50
JPY	0,94	1,07
EUR	148,18	150,97
 Kaupgengi Landsbankans í lok tímabilsins:		
EUR	148,25	151,00

Skýringar

Kaupgengi Íslandsbanka í lok tímabilsins:

USD	136,56	142,43
JPY	0,94	1,07
EUR	148,21	151,90

Vísitölur í upphafi tímabils:

	1.7.2023	1.1.2023
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	590,6	560,9

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

Eignarhlutir í félögum

Hlutdeildarfélög, eru félög sem stofnunin á að jafnaði 20-50% eignarhlut í. Eignarhlutir stofnunarinnar í hlutdeildarfélögum eru í upphafi færðir á kostnaðarverði og eftir upphaflega færslu samkvæmt stöðu eiginfjár viðkomandi félags út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Sé eignarhluti undir 20% en Byggðastofnun með aðila í stjórn félagsins þá er eignarhlutur færður miðað við stöðu eiginfjár út frá nýjustu upplýsingum frá þeim félögum þó þau séu flokkuð á meðal veltufjárbréfa. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Fullnustueignir

Fullnustueignir eru færðar á kostnaðarverði eða áætluðu söliverði hvort sem lægra reynist. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Útlán

Útlán stofnunarinnar eru útlán til viðskiptavina. Þau eru upphaflega metin á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin, auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu virði lána. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru skráðar undir liðnum „Vaxtatekjur“ í rekstrarreikningi og gengismunur undir liðnum „Gengismunur“. Niðurfærsla er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum útlánnum. Útlán sem eru endanlega töpuð eru færð út úr bókum stofnunarinnar.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart hverjum skuldunaut. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fullnustueigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

3. Laun og launatengd gjöld

	2023	2022
	janúar - júní	janúar - júní
Launagreiðslur	168.266	146.832
Framlög í lífeyrissjóði	30.556	26.381
Tryggingagjald	12.201	10.659
Breyting á áunnu orlofi	11.660	8.151
Áunnar launauppbætur	6.066	0
Önnur launatengd gjöld	3.992	3.602
Laun og launatengd gjöld alls	<u>232.740</u>	<u>195.625</u>

Á tímabilinu störfuðu 25 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf. Þann 30. júní 2023 voru 25 starfsmenn á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 25.

4. Þóknarir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra

Laun til stjórnar Bygðastofnunar, endurskoðunarnefndar og forstjóra greinast þannig:

	2023	2022
	janúar - júní	janúar - júní
Halldóra K. Hauksdóttir, stjórnarformaður frá 27.4.2023	1.480	1.178
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, endurskoðunarn. frá 3.6.2022 ..	275	42
Gunnar Þorgeirsson, stjórnarmaður til 27.4.2023	604	907
Haraldur Benediktsson, stjórnarmaður frá 27.4.2023	326	0
Haraldur Einarsson, varamaður í stjórn	0	76
Heiðbrá Ólafsdóttir, stjórnarmaður til 5.5.2022	0	632

Skýringar

Jónína Björk Óskarsdóttir, stjórnarmaður frá 5.5.2022	917	284
Karl Björnsson, stjórnarmaður	917	907
Kári Gautason, stjórnarmaður frá 15.05.2021 til 21.1.2022	0	109
Kristbjörg H. Kristbergsdóttir, form. endurskoðunarnefndar	320	279
Magnús Björn Jónsson, stjórnarformaður til 27.4.2023	1.220	1.830
María Hjálmarsdóttir, stjórnarmaður	917	907
Óli Halldórsson, stjórnarmaður frá 5.5.2022	965	284
Ragna Hjartardóttir formaður endurskoðunarn. til 3.6.2022	0	271
Rúnar Þór Guðbrandsson, stjórnarmaður frá 27.4.2023	326	0
Sigurjón Þórðarson, varamaður í stjórn	232	0
Þórey Edda Elísdóttir, stjórnarmaður frá 21.1.22 til 5.5.2022	0	481
Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri til 1.2.2022	0	4.339
Arnar Már Elíasson, forstjóri frá 1.2.2022	10.051	9.382
Þóknanir til stjórnar, endurskoðunarn. og forstjóra samtals	18.549	21.904

5. Þóknanir endurskoðenda

Þóknanir endurskoðenda greinast þannig:

	2023	2022
	janúar - júní	janúar - júní
Endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutauppgjörs	5.117	4.707
Önnur þjónusta endurskoðunartengt	4.502	500
Önnur sérfræðiþjónusta/innri endurskoðun	0	3.554
Þóknanir endurskoðenda samtals	9.619	8.761

6. Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum og annað framlag ríkissjóðs

	2023	2022
	janúar - júní	janúar - júní
Framlag skv. fjárlögum		
Byggðastofnun	105.800	106.350
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	122.600	103.150
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	228.400	209.500
Framlög ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning		
	janúar - júní	janúar - júní
Framlag ríkissjóðs v. Sóknaráætlana landshluta	569.000	510.954
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar A.9 í byggðaáætlun	15.000	0
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar B.8 í byggðaáætlun	0	54.000
Framlag ríkissjóðs v. aðgerðar C.1 í byggðaáætlun	130.000	0
Framlag ríkissjóðs v. Brothættra byggða	120.000	112.000
Annað framlag ríkissjóðs samtals	834.000	676.954

Skýringar

Veittir styrkir af framlagi ríkissjóðs sem fara í gegnum efnahagsreikning.

	janúar - júní	janúar - júní
Styrkir v. sóknaráætlana landshluta	425.677	199.531
Styrkir vegna flutningsjöfnunar olíuvara	175.000	0
Styrkir vegna aðgerðar A.9 í byggðaáætlun	17.584	375
Styrkir vegna aðgerðar A.10 í byggðaáætlun	14.000	2.600
Styrkir vegna aðgerðar B.8 í byggðaáætlun	7.000	16.720
Styrkir vegna aðgerðar C.1 í byggðaáætlun	72.630	56.125
Styrkir v. hruns í ferðaþjónustu	0	1.400
Styrkir v. Byggðarannsóknasjóðs	9.000	3.750
Veittir styrkir alls	720.891	280.501

Óúthlutaðir styrkir vegna annars framlags ríkissjóðs eru færðir á efnahagsreikning.

Kostnaður Byggðastofnunar vegna verkefnisins „Brothættar byggðir“ nam 80.430 þúsund krónum á tímabilinu og er færður í rekstrarreikning. Tekjur námu 80.430 þúsund krónum og eru færðar meðal annarra rekstrartekna.

7. Gengismunur

	2023 janúar - júní	2022 janúar - júní
Gengismunur af útlánunum	(74.218)	(135.834)
Gengismunur af gjaldeyrisreikningum og kröfum	(20.295)	(8.725)
Gengismunur af lántökum	92.556	134.267
	(1.956)	(10.292)

8. Aðrar rekstrartekjur

	2023 janúar - júní	2022 janúar - júní
Endurgreiddur kostnaður vegna Brothættra byggða	80.430	85.201
Endurgreiddur ýmiss útlagður kostnaður	15.478	3.272
Arður af hlutabréfum	3.240	9.693
Innheimtutekjur	1.855	870
Tekjur vegna rekstrarfjármuna	1.081	921
Annað	0	908
	102.084	100.866

9. Handbært fé

	30.6.2023	31.12.2022
Bankainnstæður í íslenskum krónum	911.096	1.156.693
Bankainnstæður í erlendum myntum	343.632	529.644
Bankainnstæður samtals	1.254.727	1.686.337

Skýringar

10. Útlán til viðskiptavina

	30.6.2023	31.12.2022
Sundurliðun eftir myntum		
Útlán í íslenskum krónum	19.242.369	18.858.755
Útlán í erlendum myntum	2.641.449	2.459.562
Afskriftarreikningur útlána	(1.639.788)	(1.570.563)
	<u>20.244.030</u>	<u>19.747.754</u>

	30.6.2023	31.12.2022
Sundurliðað eftir lántakendum:		
Bæjar- og sveitarfélög	0,00%	0,00%
Einstaklingar	31,34%	31,02%

	30.6.2023	31.12.2022
Sundurliðað eftir atvinnugreinum:		
Þjónustustarfsemi	34,24%	34,25%
Sjávarútvegur	10,61%	11,22%
Iðnaður	8,31%	7,86%
Landbúnaður	15,50%	15,64%
Fjármálastofnanir	0,00%	0,00%
	<u>100%</u>	<u>100%</u>

Útlán með áföllnum vöxtum greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2023	31.12.2022
Gjaldkræfar kröfur	200.905	222.650
Allt að 3 mánuðum	415.937	289.916
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.119.555	1.214.213
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	5.745.756	5.532.695
Yfir 5 ár	12.761.877	12.488.279
	<u>20.244.030</u>	<u>19.747.754</u>

11. Fullnustueignir

	30.6.2023	31.12.2022
Fasteignir	50.010	60.010
	<u>50.010</u>	<u>60.010</u>

	F. mat	Stærð m²
Mön, Skeiða- og Gnúpverjahreppi	80.800	2.647,7
Strandarvegur 29-33, Seyðisfirði	16.050	601,0
Strandgata 37, Tálknafirði	16.460	456,1
	<u>113.310</u>	<u>3.704,8</u>

Fullnustueignir eru bókfærðar í ársreikningi á 50.010 þúsund krónur.

Skýringar

	janúar - júní	janúar - júní
Fjöldi fullnustueigna í eigu Byggðastofnunar í ársbyrjun	3	6
Fullnustueignir innleystar til fullnustu krafna á tímabilinu	1	0
Fullnustueignir seldar á tímabilinu	(1)	(1)
Fullnustueignir í eigu Byggðastofnunar í lok tímabilsins	3	5

12. Rekstur fullnustueigna

	2023 janúar - júní	2022 janúar - júní
Leigutekjur	3.283	3.686
Rekstrarkostnaður	2.047	9.532
	1.236	(5.846)

13. Markaðsskuldabréf

	30.6.2023	31.12.2022
Ríkisskuldabréf RIKS 37 0115	297.053	282.757
	297.053	282.757

Gangvirðisbreytingar Markaðsskuldabréfa

	janúar - júní	janúar - júní
Ríkisskuldabréf RIKS 37 0115	14.296	0
	14.296	0

14. Afskriftarreikningur

Hreyfingar í þúsundum króna:

Í gegnum framlög í afskriftarreikning skv. rekstrarreikningi fara framlög í afskriftarreikning útlána og viðskiptakrafna auk matsbreytingar hlutafjár og fullnustueigna. Afskriftarreikningur útlána skiptist í sérstakan afskriftarreikning og almennan afskriftarreikning. Undir sérstakan afskriftarreikning útlána falla lántakar með vanskil umfram 3 mánuði auk lántakenda sem metnir eru með verulega tapshættu. Afskriftarreikningur útlána sundurliðast þannig:

Afskriftarreikningur útlána 2023	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Staðan 1. janúar	199.165	1.371.399	1.570.563
Framlög á árinu	75.850	6.604	82.454
Endanlega töpuð útlán	(13.229)		(13.229)
Staða 30. júní	261.786	1.378.003	1.639.788
Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ...	1,20%	6,30%	7,49%

Skýringar

Afskriftarreikningur útlána 2022	Sérstakur afskr.reikn.	Almennur afskr.reikn.	Samtals
Staðan 1. janúar	230.150	1.237.115	1.467.265
Framlög á árinu	(87.277)	118.154	30.876
Endanlega töpuð útlán	(4.424)	0	(4.424)
Staða 30. júní	138.449	1.355.268	1.493.717

Afskriftarreikn, útlána í hlutfalli af útlánnum ... 1,15% 6,16% 7,30%

	janúar - júní	janúar - júní
Framlag á árinu	82.454	30.876
Framlag vegna viðskiptakrafna	(5.000)	0
Endurmat fullnustueigna	17.233	24.500
Matsbreyting markaðsskuldabréfa	(14.296)	0
Matsverðsbreyting á hlutum í hlutdeildarfélögum	(8.494)	(53.978)
Matsverðsbreyting á veltufjárbréfum	(4)	735
Framlög í afskriftarreikningi skv. rekstrarreikningi	71.894	2.134

15. Hlutafjäreign

Í lok tímabilsins átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir eignarhlut, nafnverði og bókfærðu verði:

Hlutdeildarfélög, eignarhlutur > 20%	Eignar- hluti	Nafn- verð	Áhrif á rekstrarr	Bókfært verð
Ámundakinn ehf., Blönduós	23,24%	53.437	(5.804)	100.906
Dýralíf ehf., Egilsstaðir	33,81%	4.000	0	1.835
Eignarhaldsfélag Suðurlands hf., Selfoss	40,00%	109.142	(905)	48.782
Eignarhaldsf. Suðurnesja hf. Reykjanesbær	19,03%	96.840	(15.326)	87.736
Fasteignafélagið Hvammur ehf., Búðardal	24,85%	16.919	(947)	7.379
Fasteignafélagið Kirkjuból ehf., Stöðvarfjörður	30,00%	7.124	0	1
Fjallalamb hf., Kópasker	21,26%	27.344	0	8.375
Fjárfestingafélagið Vör hf., Neskaupsstaður	40,00%	49.757	3.640	153.476
Hvetjandi hf. eignarhaldsfélag, Ísafjörður	38,17%	100.448	8	98.122
Molta ehf., Akureyri	30,00%	50.000	121	39.482
Nes listamiðstöð ehf., Skagaströnd	35,71%	5.000	0	3.688
Útgarðarfélagið Skúli ehf., Dranganes	38,02%	30.755	2.483	82.474
Þörungaverksmiðjan hf., Reykhólar	27,67%	7.919	25.224	284.098
Hlutdeildarfélög, samtals		558.687	8.494	916.354

Skýringar

Veltufjárbréf, eignarhlutur ≤ 20%	Eignarhluti	Nafnverð	Áhrif á rekstrarr	Bókf. verð
Ásgarður hf. eignarhaldsfélag, Egilsstaðir	13,78%	15.000	0	15.000
Borg, saumastofa ehf., Húnaþing vestra	19,82%	170	0	1
Fánasmiðjan ehf., Ísafjörður	9,95%	4.167	0	1.291
Fiskmarkaður Hólmavíkur ehf., Hólmavík	15,56%	278	0	3.026
Fiskvinnslan Drangur ehf., Dranganes	4,08%	1.000	0	1.000
Hótel Flúðir ehf., Flúðir	4,77%	1.194	0	1.194
P/F Smyril-line, Færeyjar (1.868 þús DKK)	1,67%	37.307	0	111.413
Samkaup hf., Reykjanesbær	2,77%	10.801	0	111.400
Snorri Þorfinnsson ehf., Hofsóss	19,89%	12.000	0	1
Tröllasteinn ehf., Laugar	19,72%	7.000	0	7.000
Yrkjar ehf., Eyja- og Miklaholtshreppur	6,21%	1.800	4	1.502
Veltufjárbréf, samtals		90.716	4	252.828
Hlutafjáreign, samtals		649.403	8.498	1.169.182

Verðmæti hlutabréfa sem hefur verið aflað í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu nema 528.860 þúsundum króna.

16. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreiðar	Húsgögn, innr. og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1	831.447	22.536	20.590	874.572
Afskrifað alls 1/1	(47.948)	(9.837)	(10.638)	(68.423)
Bókfært verð 1/1	<u>783.499</u>	<u>12.699</u>	<u>9.952</u>	<u>806.150</u>
Afskrifað á tímabilinu	(8.314)	(1.804)	(2.059)	(12.177)
Bókfært verð 30/06	<u>775.185</u>	<u>10.895</u>	<u>7.893</u>	<u>793.973</u>
Stofnverð alls 30/06	831.447	22.536	20.590	874.572
Afskrifað alls 30/06	(56.262)	(11.640)	(12.697)	(80.600)
Bókfært verð 30/06	<u>775.185</u>	<u>10.895</u>	<u>7.893</u>	<u>793.973</u>
Afskriftarhlutföll	2%	20%	20%	

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteignamat	Brunabótamat	Bókfært verð
Háahlíð 4, Sauðárkróki	66.250	110.850	9.066
Sauðármýri 2, Sauðárkróki	154.100	774.800	766.119
	<u>220.350</u>	<u>885.650</u>	<u>775.185</u>

Skýringar

17. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

Erlent:	30.6.2023	31.12.2022
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	2.672.060	2.736.823
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	2.790.151	3.019.808
Nettó staða erlendra eigna og skulda	(118.091)	(282.985)
Verðtryggt:		
Verðtryggðar eignir	10.526.721	10.213.283
Verðtryggðar skuldir	9.786.717	9.760.482
Nettó staða verðtryggðra eigna og skulda	740.004	452.801

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Erlendar eignir og skuldir skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

30.6.2023	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	247.502	166.199	1.914.727	2.328.428
Handbært fé	215.329	62.553	65.750	343.632
Eignir samtals	462.831	228.752	1.980.477	2.672.060
Lántökur	501.947	248.792	2.039.412	2.790.151
Nettó staða	(39.116)	(20.041)	(58.934)	(118.091)
31.12.2022	USD	JPY	EUR	Samtals
Útlán	267.271	195.764	1.744.145	2.207.180
Handbært fé	229.034	72.553	228.057	529.644
Eignir samtals	496.305	268.317	1.972.202	2.736.823
Lántökur	533.370	301.349	2.185.089	3.019.808
Nettó staða	(37.065)	(33.033)	(212.887)	(282.985)

Tekið hefur verið tillit til niðurfærslu eigna.

Skýringar

18. Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Skuldabréf Byggðastofnunar eru með ríkisábyrgð.

Sundurliðun eftir tegund	30.6.2023	31.12.2022
Verðtryggðar skuldabréfaútgáfur	9.786.717	9.760.482
Óverðtryggðar lántökur	6.333.318	6.510.119
Erlendar lántökur og lántökur í erl. myntum	2.790.151	3.019.808
	<u>18.910.186</u>	<u>19.290.410</u>

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

	30.6.2023	31.12.2022
Gjaldkræft	0	0
Allt að 3 mánuðum	538.643	701.539
Yfir 3 mán. og allt að 1 ári	1.768.253	1.390.076
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	7.623.030	7.182.700
Yfir 5 ár	8.980.260	10.016.095
	<u>18.910.186</u>	<u>19.290.410</u>

Lántökur skiptast þannig eftir mynt:

	Greiðslu- skilmálar	Loka- gjaldddagi	Vaxtakjör	30.6.2023	31.12.2022
ISK	Jafnar gr.	2030-2034	1,96-5,0% verðtr.	9.786.717	9.760.482
ISK óvtr	Jafnar gr.	2035-2037	2,7-6,8% óvtr.	6.333.318	6.510.119
USD ..	Jafnar gr.	2036	Libor + 1,5%	501.947	533.370
JPY ...	Jafnar gr.	2030	1,00%	248.792	301.349
EUR ..	Jafnar afb.	2025	Euribor +1,35%	298.117	364.305
EUR ..	Kúlulán	2025	0,60%	543.389	553.621
EUR ..	Jafnar gr.	2035	Euribor + 0,9%	507.467	530.899
EUR ..	Jafnar gr.	2036	0,5-0,7%	690.439	736.264
				<u>18.910.186</u>	<u>19.290.410</u>

19. Eigið fé

Samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal eiginfjárgrunnur í heild nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, en þann 30. júní 2023 var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 20,94%. Skv. breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem samþykkt voru á Alþingi 15.júní 2022 og tóku gildi 1. júlí 2022 gildir X. kafli um eiginfjáruka ekki um Byggðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka frá þeim tíma.

Skýringar

Eigið fé og eiginfjárlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

	30.6.2023	31.12.2022
Staða eigin fjárs í upphafi árs	3.695.776	3.321.587
Hagnaður tímabilsins	285.199	374.189
Eigið fé í lok tímabils	3.980.974	3.695.776
Gangvirðisbreyting fjáreigna og fjárskulda	(11.253)	(11.204)
Eiginfjárgrunnur í lok tímabils	3.969.721	3.684.572
Útlánaáhætta	16.448.783	16.349.930
Markaðsáhætta	207.372	33.722
Rekstraráhætta	2.304.187	2.304.187
Áhættugrunnur	18.960.342	18.687.839
Eiginfjárlutfall	20,94%	19,72%

20. Ábyrgðir og skuldbindingar

Byggðastofnun var ekki í neinum ábyrgðum gagnvart þriðja aðila þann 30. júní 2023. Í lok júní var 51 lánsloforð að fjárhæð 3.204 milljón króna óafgreidd. Samkvæmt reglum Byggðastofnun falla lánsloforð niður 12 mánuðum frá því þau eru samþykkt.

21. Önnur mál

Stjórn Byggðastofnunar, lykilstjórnendur og hlutdeildarfélag eru skilgreind sem tengdir aðilar auk náinna fjölskyldumeðlima framangreindra og lögaðila undir yfirráðum þeirra. Engin óvenjuleg viðskipti áttu sér stað við tengda aðila á tímabilinu. Engar ábyrgðir hafa verið veittar tengdum aðilum vegna viðskiptaskulda eða viðskiptakrafna.

Útlán til tengdra aðila þann 30. júní 2023 voru bókað á 321.654 þús.kr. Lán að fjárhæð 318.783 þús kr. eru tryggð með fasteignaveðum en lán að fjárhæð 2.871 þús kr. eru án trygginga.

Laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og forstjóra er getið í skýringu 4.

	2023	2022
	janúar - júní	janúar - júní
Staða lána við tengda aðila 1. janúar	348.744	300.647
Ný útlán	0	0
Greiðsla afborgana og vaxta	(20.200)	(19.957)
Áfallnir vextir og verðbætur	22.715	15.316
Staða útlána við tengda aðila 30. júní	351.259	296.007

Skýringar

22. Áhættustýring

Yfirlit um áhættur og skipulag áhættustýringar

Byggðastofnun er lánastofnun í samræmi við skilgreiningu laga um fjármálafyrirtæki. Þær áhættur sem stofnunin býr við eru eftirfarandi:

- Útlánaáhætta
- Markaðsáhætta
- Lausafjáraáhætta
- Rekstraráhætta

Fjallað er um hverja áhættu, ásamt undiráhættum, hér á eftir auk skipulagi áhættustýringar og áhættuvörnum.

Skipulag áhættustýringar

Byggðastofnun sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi, í samræmi við 11. gr. laga nr. 106/1999 um Byggðastofnun, og tekur fjárstýring og áhættustýring stofnunarinnar mið af því.

Stjórn Byggðastofnunar

- Tekur ákvörðun um áhættustefnu, mótun áhættuvilja og áhættumarka.
- Fær upplýsingar um stöðu rekstrar og helstu áhættur í rekstri með reglubundum hætti.
- Skipar endurskoðunarnefnd og umsjónarmann áhættustýringar.
- Tekur mið af áhættuþáttum við stjórn og skipulag stofnunarinnar.

Endurskoðunarnefnd

- Starfar samkvæmt 108. gr. a. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og starfsreglum endurskoðunarnefndar Byggðastofnunar frá 6. apríl 2020.
- Hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og tilhögun innra eftirlits ásamt störfum innri og ytri endurskoðenda stofnunarinnar.

Umsjónarmaður áhættustýringar

- Sinnir daglegum áhættustýringarstörfum
- Fylgist með að markmiðum og stefnum í áhættustefnu stofnunarinnar sé fylgt
- Tekur út fylgni við verklagsreglum stofnunarinnar
- Fylgist með því að innri ferlar Byggðastofnunar taki tillit til áhættuþátta skv. 78. gr. a – i, laga nr. 161/2002, eftir því sem við á.

Áhættumatsnefnd

- Ber ábyrgð á að áhættustefnu stofnunarinnar sé fylgt hvað varðar útlánaáhættu.
- Gengur úr skugga um að starfsemin uppfylli útlánareglur.
- Yfirfara og samþykkja áhættumat stofnunarinnar.

Áhættuvarnir

Mikilvægt er að viðhalda ákveðnu jafnvægi í samsetningu lánsfjármagns og útlána stofnunarinnar. Stofnunin skal lágmarka áhættu sína og stýra vaxta – og útlánaáhættu innan ákveðinna viðmiðunarmarka sem fram koma í Verklagsreglum um útlánastarfsemi.

Rekstrar- og fyrirtækjasvið stofnunarinnar vinna eftir Áhættustefnu stofnunarinnar og þeim verklagsreglum sem settar eru af stjórn og forstjóra. Þar eru áhættur og vikmörk þeirrar áhættu sem snýr að starfseminni skilgreindar.

Skýringar

Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á því að viðskiptavinurinn efni ekki skuldbindingar sínar. Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptavina eða hóps tengdra viðskiptamanna, að teknu tilliti til mildunar útlánaáhættu, skulu ekki fara fram yfir 25% af eiginfjárgrunni skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, sbr. reglugerð nr. 860/2022.

Stofnunin tekur meðvitaða áhættu í verðmati fasteigna á veikum svæðum með hliðsjón af hlutverki sínu. Þetta kann að leiða til þess að verðmæti veðsettrar fasteignar reynist lægra þegar á reynir við greiðslufall skuldara. Útlánaáhætta felst einnig í líkunum á greiðslufalli og hins vegar í áætluðu endurheimtuhlutfalli. Endurheimtuhlutfallið ræðst af því hversu alvarlegt greiðslufallið er, þ.e. hvort það leiðir til fjárhagslegrar endurskipulagningar, greiðslustöðvunar eða gjaldþrots og hversu góðar tryggingar fyrir skuldinni eru.

Sambjöppunaráhætta myndast í gegnum lánastarfsemi stofnunarinnar og er skilgreind sem hluti af útlánaáhættu. Byggðastofnun horfir sérstaklega til sambjöppunar innan atvinnugreina.

Hlutfall atvinnugreinar af útlánasafni

	2023	2022
Ferðaþjónusta	24,56%	23,73%
Iðnaður	7,22%	6,69%
Landbúnaður	44,45%	44,67%
Sjávarútvegur og fiskeldi	11,73%	12,24%
Önnur starfsemi	12,04%	12,67%
	100,00%	100,00%

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta eða fjárhagsleg áhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreikninga. Að breytingar á markaðsvirði þessara liða, svo sem breytingar á vöxtum og gengi gjaldmiðla, verðbólga eða almennur samdráttur í landinu, hafi óhagstæð áhrif á fjármálagerninga stofnunarinnar og þar með afkomu hennar og eigið fé.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er sú áhætta sem felst í því að stofnunin geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla og að hún geti ekki greitt út lánsloforð til viðskiptavina. Lausafjárstýring Byggðastofnunar felur í sér lausafjargreiningu og lausafjáraætlun. Til að tryggja stöðuga fjármögnun hefur stofnunin fjárfest í ríkisbréfum.

Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda 30.06.2023

Fjáreignir	0-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	Yfir 5 árum	Samtals
Handbært fé.....	1.254.727				1.254.727
Útlán.....	616.842	1.119.555	5.745.756	12.761.877	20.244.030
Markaðsskuldabréf..	297.053				297.053
Viðskiptakröfur.....	4.009				4.009
Fjáreignir samtals....	2.172.631	1.119.555	5.745.756	12.761.877	21.799.819
Fjárskuldir					
Lántökur.....	538.643	1.768.253	7.623.030	8.980.260	18.910.186
Viðskiptaskuldir.....	211.932				211.932
Óráðstöfuð framlög.	161.017	548.874			709.891
Fjárskuldir samtals..	911.593	2.317.126	7.623.030	8.980.260	19.832.009

Skýringar

Rekstraráhætta

Undir rekstraáhættu fellur áhættan á fjárhagslegu tapi, upplýsingatækniáhætta, pólitísk- og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Til að draga úr rekstraráhættu notar stofnunin fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit í starfsemi sinni. Meðal fyrirbyggjandi aðgerða eru verkferlar um alla helstu þætti í rekstrinum, þjálfun starfsmanna, aðgreining starfa, afritun gagna og fleira. Þá vinnu Byggðastofnun eftir ISO 27001 staðli um öryggi upplýsingakerfa.

23. Upptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila (IPSAS)

Byggðastofnun flokkast sem svokölluð A2 hluta stofnun. Skv. 52 gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. lög nr. 131/2021 skulu reikningsskil fyrir stofnanir sem undir þann flokk falla gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS).

Byggðastofnun hefur hafið innleiðingu á IPSAS og hefur ráðið KPMG hf. til að aðstoða við upptökuna. Staðallinn heimilar frestun innleiðingar í þrjú ár frá upptökudegi.

Upptaka *IPSAS 41 Fjármálagerningar* mun mögulega hafa mest áhrif á fjáreignir og fjárskuldir stofnunarinnar en ekki hefur farið fram mat á því hversu mikil það getur verið. Í samræmi við *IPSAS 41* ber að flokka fjáreignir í mismundandi matsflokka út frá því viðskiptalíkani sem þær tilheyra og einkennum samningsbundins sjóðstreymis þeirra. Að auki ber að skoða hvort veitt eða tekin lán séu ívilnandi þ.e. hvort lánskjör þeirra séu undir markaðskjörum.

Byggðastofnun ætlar að skoða áhrif upptöku *IPSAS 41* í reikningsskil sín á árinu 2023 og taka staðalinn upp í ársreikningi sínum fyrir árið 2023.